

## Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á þriðja ársfjórðungi 2006

Í dag eru birt á heimasíðu bankans yfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á þriðja fjórðungi ársins og stöðu þjóðarbúsins í lok september 2006.<sup>1</sup>

Viðskiptajöfnuður var óhagstæður um 80,8 ma.kr. á þriðja fjórðungi ársins. Á fyrstu níu mánuðum ársins var viðskiptahallinn 205,3 ma.kr. samanborið við 103,1 ma.kr. halla árið áður. Halli er á öllum liðum viðskiptajafnaðar, þ.e. vöruskipta-, þjónustu-, þáttatekna og rekstrarframlaga. Jöfnuður þáttatekna versnaði sýnu mest á þriðja fjórðungi ársins sem rekja má til hækkunar erlendra skulda og vaxtahækkana á lánamörkuðum erlendis. Einnig veldur mikill hagnaður innlendra fyrirtækja í eigu erlendra aðila þar miklu um því hann er færður til gjalda í jöfnuði þáttatekna og endurfjárfestur á sama tíma í fyrirtækjunum, þ.e. sem bein fjárfesting erlendra aðila á Íslandi.

Hreint fjárinnstreymi nam 199,5 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins. Fjárinnstreymið skýrist að stærstum hluta af erlendum lántökum banka og fyrirtækja. Erlendar fjárfestingar námu um 703 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins 2006.

### Greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna

	<u>Júlí - sept.</u>		<u>Janúar- september</u>	
	<u>2005</u>	<u>2006</u>	<u>2005</u>	<u>2006</u>
<b>Viðskiptajöfnuður</b>	<b>-41,4</b>	<b>-80,8</b>	<b>-103,1</b>	<b>-205,3</b>
Útflutningur vöru og þjónustu	87,7	92,3	248,2	262,2
Innflutningur vöru og þjónustu	-121,5	-141,9	-331,3	-408,7
Þáttatekjur og framlög, nettó	-7,7	-31,2	-20,1	-58,8
<b>Fjármagnsjöfnuður</b>	<b>8,9</b>	<b>23,8</b>	<b>109,0</b>	<b>199,5</b>
Hreyfingar án forða	20,9	24,6	118,5	193,7
Erlendar eignir, nettó	-235,8	-315,3	-811,1	-709,7
Erlendar skuldir, nettó	256,7	340,0	929,6	903,4
Gjaldeyrisforði (- aukning)	-11,8	-0,7	-8,4	7,0
<i>Skekkjur og vantalið, nettó</i>	32,6	57,0	-5,8	5,8

Hrein staða við útlönd var neikvæð um 1.217 ma.kr. í lok september sl. og hafði versnað um 361 ma.kr. frá ársbyrjun. Erlendar eignir námu 3.593 ma.kr. en skuldastaðan var 4.809 ma.kr. í septemberlok 2006.

<sup>1</sup> Sjá hagtölur á <http://www.sedlabanki.is>.